

**Fræðslufundur um eineltisforvarnir fyrir foreldra barna í  
Lundarskóla, Oddeyrarskóla og Síðuskóla 16. ágúst kl. 17.00**

Foreldrum Síðuskóla, Oddeyrarskóla og Lundarskóla er boðið á sameiginlegan fræðslufund um STÖNDUM SAMAN - forvarnaráætlun gegn einelti.

STÖNDUM SAMAN er eitt af forvarnarverkefnum í SMT-  
Stjóðjandi skólafærni (PBS- heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun), sem er í gildi í þessum þremur grunnskólum.  
Nemendur fá þjálfun í félagsfærni og er kennt að bregðast við hegðun sem er ekki viðeigandi og starfsfólk fær þjálfun í að nota fyrirbyggjandi inngríp með nemendum.



Boðað er til sameiginlegs foreldrafundar þar sem þýðendur bókarinnar STÖNDUM SAMAN (Bully Prevention in Positive Behavior Support), Hrund Þrándardóttir og Margrét Birna Þórarinsdóttir sálfræðingar, kynna efni og markmið forvarnaráætlunarinnar.

Fundurinn er haldinn í sal Lundarskóla **fimmtudaginn 16. ágúst og hefst kl. 17 og stendur í um klukkustund.**

Mikilvægt að foreldrar/forráðamenn mæti á fundinn.

*Stöndum saman, heimili og skóli, þannig vinnum við best að því að uppræta einelti!*